

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Kristján Jóhannsson	Borgarblöð ehf. v. Breiðholtsblaðsins og Vesturbæjarblaðsins	25.1.2018	900.000	árlega	800.000	R18010092
2	Brynhildur Pétursdóttir	Neytendasamtökin: Neytendaaðstoð og leigjendaaðstoð	15.2.2018	1.500.000	já	1.500.000	
3	Kristín Friðjónsdóttir	Pop-Up Ævintýraleikvöllur	16.1.2018	200.000	nei	200.000	
4	Gunnar Björnsson	Minningarmót um Bobby Fischer	30.1.2018	1.500.000	nei	1.500.000	R18010202



Reykjavík, 25. janúar 2018

Til Borgarráðs Reykjavíkur.

Undanfarin ár hefur verið gerður samstarfssamningur á milli Reykjavíkurborgar og Borgarblaða ehf. Samningurinn hefur falið í sér þjónustu okkar við hverfamiðstöðvarnar þar sem við birtum efni, fréttir og greinar fyrir þeirra hönd. Samstarfið hefur verið með ágætum og við viljum gjarnan viðhalda þessu samstarfi.

Á síðasta ári var hlutdeild Breiðholtsblaðsins í samningnum kr. 450 þúsund og Vesturbæjarblaðsins kr. 450 þúsund.

Við reynum að þjónusta íbúa hverfanna sem best við megum með frétttaflutningi og umfjöllun af hinum fjölbreyttu borgarmálum. Samstarfssamningurinn hefur treyst grundvöllinn fyrir útgáfu blaðanna. Við óskum eftir því að samningurinn verði endurnýjaður.

Með kærri kveðju.

f.h. Borgarblaða ehf

Kristján Jóhannsson



## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

**Umsækjandi: Neytendasamtökin**

**Kennitala: 3004695079**

**Heimilisfang: Hverfisgata 105**

**Netfang: ns@ns.is**

**Símanúmer: 545 1200**

**Póstnúmer: 101**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Brynhildur Pétursdóttir**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 300469-5079**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Víðimýri 2**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 600**

**Netfang ábyrgðaraðila: brynhildur@ns.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 824 1225**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: framkvæmdarstjóri**

**Upphæð sem sótt er um: 1.500.000 kr**

**Banki: 526**

**Höfuðbók: 4**

**Reikningsnúmer: 250473**

**Heiti verkefnis: Neytendaaðstoð og leigjendaaðstoð**

**Lýsing á verkefni: Neytendasamtökin sinna ráðgjöf til neytenda lendi þeir í deilum við seljendur og annast milligöngu sé þess þörf. Þau tryggja einnig að tekið sé tillit til hagsmuna neytenda svo sem með umsögnum við lagafrumvörp og með erindum til stjórnvalda (nýjasta erindið er vegna smálánafyrirtækja). Neytendasamtökin hafa einnig sett á fót og eiga sæti í úrskurðarnefndum sem eru ódýr og skilvirk leið fyrir neytendur til að ná fram réttarbótum. Frá árinu 2011 hafa samtökin einnig rekið Leigjendaaðstoð sem mikil eftirspurn er eftir enda engin virk leigjendasamtök starfandi í landinu.**

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

**Hér þarf að koma fram hvort það séu:**

**Nær eingöngu karlar**

**Fleiri karlar en konur**

**Bæði kynin jafnt,**

**Fleiri konur en karlar**

**Nær eingöngu konur**

Þeir sem leita til samtakanna eru af báðum kynjum en þó eru alltaf heldur meira um að konur hafi samband. Hvað varðar leigjendaaðstoðina sýna tölur að hlutfall útlendinga er nokkuð hátt eða 20-25%.

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

**Hér þarf að koma fram hvort það séu:**

**Aðallega karlar**

**Aðallega konur**

**Bæði kynin jafnt**

**Bæði kyn**

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Já. Við ráðningar er tryggt að kynjahlutföll séu jöfn og laun eru hin sömu óháð kyni.**

**Nú starfa sex manns hjá samtökunum, þrjár konur og þrír karlar. Hlutfall í stjórn samtakanna er jafnt enda kveðið á um það í lögum samtakanna [www.ns.is](http://www.ns.is)**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

**(Mannréttindastefnu má finna hér: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267\\_view-752/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/))**

Verkefni Neytendasamtakanna er að tryggja réttindi allra neytenda og leigjenda óháð kyni, aldri, búsetu og allra annarra þátta sem með einhverjum hætti skipa fólki í tiltekinn hóp. Það er okkar reynsla að þeir sem leita til samtakanna, ekki síst leigjendaaðstoðarinnar, sé oft fólk sem minna má sín í samfélaginu. Aðgengi þess að góðri ráðgjöf og lögfræðiaðstoð skiptir miklu máli og tryggir að ekki sé brotið á fólki sem einhverra hluta vegna stendur höllum fæti. Þess má geta að

Neytendasamtökin hafa átt í góðum samskiptum við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ekki síst þegar kemur að leigjendamálum.

**Fjármögnun:**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

**Árið 2018**

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

**-Akureyrarbær og Eyjafjarðarsveit styðja við verkefnið**

**en rekstur neytendaaðstoðar er rekin að mestu leyti af félagsgjöldum, en einnig öðrum styrkjum. Atvinnuvegaráðuneytið styður við Neytendaaðstöðina með föstum þjónustusamningi.**

**Velferðarráðuneytið greiðir 4.100.000 m.kr með Leigjendaaðstöðinni árið 2018 sem dekkar þó alls ekki kostnað við þjónustuna.**

-

-

**Aðrar upplýsingar:**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

**Já, styrkur 2017 var 1.200.000 kr**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Stuðningur borgarinnar skiptir okkur miklu máli. Tilvist Neytendasamtakanna tryggir ákveðið aðhald á markaði sem er mikils virði fyrir íbúa landsins.





**From:** Kristin Fridjonsdottir <[kristin@respectfulmom.com](mailto:kristin@respectfulmom.com)>

**Date:** Tuesday, 16 January 2018 at 14:48

**To:** Sigurður Björn Blöndal <[sbb@reykjavik.is](mailto:sbb@reykjavik.is)>

**Subject:** Styrktarumsókn fyrir verkefnið: Pop-up Ævintýraleikvöllur

Ég heiti Kristín Maríella og vil sækja um styrk fyrir verkefnið "Pop-Up Ævintýraleikvöllur" sem ég er hef mikla ástríðu fyrir og trú á.

Ég held úti heimasíðunni og blogginu [www.respectfulmom.com](http://www.respectfulmom.com) þar sem ég skrifa um ákveðna uppeldisnálgun sem kallast RIE eða Respectful Parenting, á íslensku hef ég kosið að kalla nálgunina virðingríkt tengslauppeldi. Síðustu tvö ár hefur orðið mikil vitundarvakning og jafnvel "[bylting í barnuppeldi](#)" eins og stóð í fyrirsögn umfjöllunar á [mbl.is](http://mbl.is), en þá hefur mikil umræð átt sér stað um þessa tilteknu nálgun og fjölmargir foreldrar ákveðið að kynna sér hugmyndir RIE og tileinkað sér það sem hentar þeim. Á árinu 2017 hélt ég yfir 20 námskeið fyrir foreldra á Íslandi um nálgunina og voru viðtökurnar ótrúlega góðar.

Á Facebook held ég úti hópi sem kallast RIE / Respectful / Mindful Parenting á Íslandi en hópurinn telur um 10.000 foreldra. Einnig held ég úti stuðningshóp á facebook fyrir mæður sem kallast Mæðra Tips en sá hópur telur um 18.000 mæður. Einnig er ég með opið snapchat þar sem ég tala um þessa tilteknu nálgun.

Ég hef mikla ástríðu fyrir því að hjálpa foreldrum að byggja upp heilbrigt samband við börnin sín sem er byggt á virðingu, trausti og tengingu.

Stór partur af RIE snýr að leik barna og frjálsum leik. Að gefa börnum tækifæri til þess að leiða leik og sökkva sér í djúpan leik þar sem ímyndunarafl og sköpun ræður ferðinni. Einnig rímar minimalismi inn í hugmyndafræði virðingríks tengslauppeldis þannig að foreldrum er boðið að nota meðal annars hversdagslega hluti af heimilinu og í nærumhverfi þeirra sem leikföng fyrir börnin sín.

### **Hvað er Pop-up Ævintýraleikvöllur?**

Pop-up ævintýraleikvöllur er verkefni sem auðgar barnamenningu á Íslandi. Á pop-up ævintýraleikvelli bjóðum við börnum að leika sér frjáls þar sem þau geta leyft ímyndunarafli, forvitni og sköpunargleði að njóta sín. Þar er boðið upp á allskonar opinn efnivið sem hefur ekkert sérstakt hlutverk. Í svona umhverfi fá börn tækifæri á að detta í djúpan leik þar sem þau ráða alfarið ferðinni. Með því að setja fram óhefðbundinn, opinn efnivið á þennan hátt og búa til sérstakt leiksvæði fyrir börn vonumst við til þess að opna augu barna og foreldra fyrir möguleikum hversdagslegs efniviðar og verður það vonandi hvatning fyrir fólk að nýta svipaðan efnivið sem auðvelt er að finna í nærumhverfi í leik og starfi fyrir börnin sín.

### **Dæmi um efnivið sem verður að finna á leiksvæðinu er:**

Pappakassar og pappa-einingar í öllum stærðum og gerðum, klósettrúllur, teip, tússlitir, reipi, plastdúkar, slöngur, snúrur, plastkeðjur, frauðplast, plastílát í öllum stærðum, skálar, pottar, pönnur, sleifar, ausur, garðkönnur, mæliskeiðar, efnisbútar, gamlar ferðatöskur, eggjabakkar, dekk, boltar, ker full af vatni fyrir vatnsleik, plastsprautur, sigti, krítar, og svona mætti lengi telja.

### **Leiksvæðið:**

Leiksvæðið er hægt að setja upp inni jafnt sem úti. Nú þegar hafa verið haldnir tveir ævintyrleikvelli á lóðinni hjá listasafninu Hafnarborg í Hafnarfirði í ágúst og október 2017 sem heppnuðust frábærlega. Nú stefnum við á að halda leikvöllinn inni á göngum Kjarvalsstaða þann 20. janúar. Það verður skemmtilegt verkefni að aðlaga leikvöllinn að nýju rými og nýjum aðstæðum.

### **Verkefnið í framkvæmd:**

Verkefnið hefur verið tiltölulega auðvelt í framkvæmd og hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur. Við vorum einstaklega heppin með veður í júlí 2017 og þá mættu yfir 600 manns á svæðið á þessum 3 klukkutímum sem leikvöllurinn var opinn. Það var líka mjög góð mæting í október en ekki alveg jafn mikið margmenni þar sem það var svolftil rigning þann daginn.

Á komandi ári, 2018, höfum við séð fyrir okkur að halda pop-up leikvöll um 3-4 sinnum. Það hefur reynst vel að vera í samstarfi við listasöfn og sjáum við fyrir okkur að halda því áfram, önnur söfn sem geta boðið upp á flott rými bæði inni sem og úti hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga.

Leikvöllurinn er mannaður 7-10 (mögulega fleiri) ábyrgum sjálfboðaliðum sem hafa yfirumsjón með svæðinu. Allir sjálfboðaliðar eru merktir sérstökum bolum með áletrun leikvallarins. Allir sjálfboðaliðar gefa vinnu sína af einlægum áhuga á verkefninu. Við höfum haft leikvöllinn opinn í um 3 klukkustundir og það hefur reynst vel. Leikvöllurinn er ókeypis og opinn öllum.

### **Hvers vegna vantar styrk?**

Það sem okkur vantar til þess að verkefnið gangi smurt fyrir sig er aðallega geymslupláss fyrir endurnýtanlega efniviðinn sem við höfum safnað og notum á leikvöllinum. Þar má nefna dekk, kefli, stærri rúllur, pvc rör og svo kassa undir safn af endurnýtnlegum efnivið og hlutum (pottar og pönnur, plastlát, efnisbútar, teip-rúllur o.s.frv.).

Ein úr hópnum hefur opnað heimili sitt síðan við héldum fyrsta leikvöllinn og bauð aukaherbergi í íbúðinni sinni undir efniviðinn okkar. Þannig höfum við getað geymt efnivið frá einum leikvelli til annars en það gefur augaleið að þetta er einungis skammtímalausn. Þess vegna þurfum við sem stöndum að verkefninu að hafa aðgang að litlu geymslurými eða gámi þar sem við getum geymt efnivið verkefnisins á milli leikvalla.

Einnig viljum við geta notað greiðabíl til þess að aðstoða okkur við að flytja efniviðinn til og frá leiksvæðinu í geymslurýmið.

### **Styrktarupphæð**

Við sem stöndum að verkefninu sækjum hér með um styrk frá reykjavíkurborg að upphæð 200.000 kr. og verður styrkurinn notaður á eftirfarandi hátt:

2 fermetra geymslupláss hjá Geymslu - 100.000 kr. fyrir árið.

Greiðabíll til og frá geymslu, 2-3 ferðir fyrir hvern leikvöll - 60.000 kr.

Endurgreiðsla á útgjöldum fyrir merкта boli og tilfallandi minni kostnaður - 40.000 kr.

### **Umfjöllun:**

#### **Skapandi leikvöllur á safni**

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/13/skapandi\\_leikvollur\\_a\\_safni/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/13/skapandi_leikvollur_a_safni/)

**"Áhuginn kemur á óvart" - fólkið, fréttablaðinu**

<http://www.visir.is/paper/serblod/SC170715.pdf>

**Event fyrir leikvöllinn sem er núna 20. janúar á facebook:**

<https://www.facebook.com/events/398605850577036/>

Hér fyrir neðan er tengill á myndaalbúm frá pop-up ævintýraleikvöllinum sem var haldin í Hafnarborg í ágúst 2017 og þar fyrir neðan eru myndir af svipuðu ævintýra-leiksvæði.

<https://www.dropbox.com/sh/shcxax3umnxte1w/AACXloXvnKMekEF3H0gWsACfa?dl=0>







Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um minningarmót um Bobby Fisher - tilv. R18010202***

Á fundi íþróttá- og tómsfundaráðs í dag var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. janúar sl. með ósk um umsögn um erindi Skáksambands Íslands um styrk vegna minningarmóts um Bobby Fisher.

Íþróttá- og tómsfundaráð samþykkti að mæla með því við borgarráð að veittur yrði 1.5 mkr. styrkur vegna verkefnisins.

  
Omar Einarsson.





Aðili: 218010202  
Skjal: Ráðhúsið  
15. Jan. 2018  
Innerykili: 1252



**SKÁKSAMBAND**  
STOFNAÐ 1925  
**ÍSLANDS**

Reykjavíkurborg  
Hr. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Reykjavík, 23. október 2017

## Reykjavíkurskákíótið 2018 – Minningarmót um Bobby Fischer

Kæri borgarstjóri.

Reykjavíkurskákíótið 2018 fer fram 6.-14 mars nk. Mótið nú verður minningarmót um Bobby Fischer sem fæddist 9. mars 1943 og myndi fagna 75 ára afmæli á næsta ári væri hann á lífi.

Í tilefni þessara tímamóta stefnir Skáksamband Íslands að einkar veglegu Reykjavíkurskákíóti 2018. Frídagur á sjálfu Reykjavíkurskákíótinu verður 9. mars. Þá ætlum við að halda Fischer-Random skákíóti með þátttöku allra sterkustu skákíótmanna mótsins og landsins.

Við ætlum að bjóða Boris Spassky til landsins og vonum að hann hafi heilsu til að heimasækja okkur. Við ætlum einnig að standa fyrir hópferðum að grófi meistarans, bjóða keppendum að heimsækja Laugardalshöllina, upphalds veitingastað meistarans og meira til. Við ætlum að halda fyrirlestra um Fischer og arfleið hans.

Reykjavíkurborg hefur reynst Skáksambandi Íslands ómetanlegur bakhjarl og hefur staðið á bakvið mótið nú í 53 ár eða frá árinu 1964. Fyrir það er skákhreyfingin ómetanlega þakklát. Borgin okkar er talin ein helsta skákhöfuðborg landsins og af því megum við vera stolt.

Það er ljóst vegna ofangreinds að Reykjavíkurmótið á næsta ári verður umtalsvert dýrara en hefðbundin Reykjavíkurskákíóti. Það er einlæg von okkur að Reykjavíkurborg geti stutt sérstaklega við mótið enda tilefnið ærið að minnast Fischer – sem heldur betur kom borginni á alheimiskortið fyrir 45 ára síðan.

Við erum borginni afar þakklát ef hún gæti aðstoðað okkur við að gera Reykjavíkurskákíótið 2018 að einstöku móti og óskum eftir sérstökum styrk uppá 1.500.000 kr.

Virðingarfyllt

Gunnar Björnsson,  
Forseti Skáksambands Íslands



## Reykjavíkurskák mótið 2018 – Minningarmót um Bobby Fischer

Reykjavíkurskák mótið 2018 fer fram í Hörpu dagana **6.-14. mars** nk. Mótið að þessu sinni er einnig **minningarmót um Bobby Fischer** en 9. mars nk. verða 75 ár liðin frá fæðingu ellefta heimsmeistarans í skák.

Í tilefni þess verður mótið einkar veglegt í ár. Þar verður þann 9. mars verður frídagur á sjálfu mótinu og verður þá teft Fischer-ramm skákmót sem verður jafnframt fyrsta slíka Evrópumótið. Flestir sterkustu skákmenn sjálfs Reykjavíkurmótsins ætla einnig að taka þátt í því. Manngangurinn er sá sami en mögulegar upphafsstöður eru 960. Jafnframt verður sýning til heiðurs Fischer í Hörpu, hádegisfyrirlestrar tileinkaðir meistarunum og boðið upp á ferðir þar sem farið verður á hans slóðir og þangað sem hann kom gjarnan..

Yfir 180 manns eru þegar skráðir til leiks á mótið, þar af um 25 stórmeistarar. Þeirra stigahæstur er úkraínski ofurstórmeistarinn **Pavel Eljajov** sem hefur 2711 skákstig. Meðal annarra keppenda má nefna **Gata Kamsky** fyrrum áskorenda Karpovs um heimsmeistaratitilinn og Indverjann sterka **Baskaran Adhiban**. Fyrrum sigurvegarar láta sig ekki vanta heldur og má þar nefna Indverjann **Abhijeet Gupta** og Hollendinginn **Erwin L'Ami**.

Kvennahersveitina skipa meðal annarra, **Sabina-Francesca Foisor**, sem var bandarískur meistari í hitteðfyrri og löndu hennar **Tatev Abrahamyan** og **Alinu L'Ami** eiginkonu Erwins. **Laura Unuk**, frá Slóvakíu, heimsmeistari stúlkna undir 18 er meðal keppenda. Reykjavíkurmótið hefur löngum laðað undrabörn til landsins og er þar engin undantekning núna. Yngsti stórmeistari heims, **Nodirbek Abdusattorv** frá Úsbekistan teflir í fyrsta sinn. Hann er næstýngsti stórmeistari skáksögunnar. Aðeins Sergei Karjakin, síðasti áskorandi Magnúsar Carlsen, hefur orðið stórmeistari yngri. Indversku undradrengirnir **Pragganandhaa** og **Nihal Sarin**, sem slógu eftirminnilega í gegn í fyrri, eru meðal keppenda aftur í ár. Sá fyrrnefndi hefur möguleika á að verða yngsti stórmeistari skáksögunnar.

Enn er nokkrum spennandi boðum ósvarað og á mótshaldari von á því að afar spennandi keppendur bætist við á keppendalistann á komandi vikum.

Heimavarnarlið Íslenskra stórmeistara skipa sem stendur **Hannes Hlífar Stefánsson** og **Pröstur Þórhallsson**. Án efa á eftir fjölga í þeim hópi enda taka iðulega nánast allir sterkustu virku skákmenn landsins þátt í Reykjavíkurskák mótinu.

Mótið er afar mikilvægt fyrir Íslent skáklíf og hefur verið flaggskip þess síðan framsýnir menn héldu fyrsta Reykjavíkurskák mótið í Lídó á því herrans ári 1964. Mótið er afar vinsælt og hátt skrifað út í hinum stóra heimi og hefur síðustu ár lent í 2.-4. sæti í keppni um besta opna skákmót heims í vali atvinnuskákmanna. Að halda mót eins og Reykjavíkurskák mót er stór og dýr útgerð og erifitt að ná endum saman. Það er einlæg von okkar að fyrirtæki þitt styðji við mótshaldið og um leið við skákhreyfinguna.

**Gunnar Björnsson,**  
forseti Skáksambands Íslands

